



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 12. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 5. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. MAÍ 2019

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 9. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Gengið til dagskrár:**

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

- 1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2018: Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins fyrir árið 2018 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 45,5 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 65,9 millj. Nettófjárfesting var 115,3 millj. Veltufé frá rekstri 142 millj. Heildareignir 1.520 millj., heildarskuldir 848 millj. og eigið fé 672 millj. Skuldahlutfall er 77,5% og hefur hækkað úr 76,5% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.
- 2. Flúðaskóli: Ráðning skólastjóra.**

Oddviti fór yfir umsóknir um starf skólastjóra fyrir Flúðaskóla. Fimm umsóknir bárust og voru tekin viðtöl við fjóra umsækjendur. Skólanefnd hefur tekið málið fyrir og lagt til að Jóhanna Lilja Arnardóttir verði ráðin skólastjóri. Sveitarstjórn samþykkir að Jóhanna Lilja Arnardóttir verði ráðin skólastjóri Flúðaskóla. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir aðstoðarskólastjóra.
- 3. Fótoltavöllur: Þjónustusamningur.**

Oddviti kynnti þjónustusamning Hrunamannahrepps og UMFH við Kaffi-Sel ehf um þjónustu við fótoltavöllinn á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 4. Fasteignasalan Bær: Vesturbrún 15. Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Bæ þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Vesturbrún 15, Flúðum skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Vesturbrún 15, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4254 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 5. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Lóðahreinsanir og númerslausar bifreiðar.**

Oddviti kynnti eftirlitsáttak á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands varðandi lóðahreinsanir og númerslausar bifreiðar á lóðum og lendum innan sveitarfélaganna. Sveitarstjórn fagnar verkefninu.
- 6. Suðurhof 2, Flúðum: Umsókn um lóð og beiðni um breytingu á deiliskipulagi.**

Oddviti kynnti umsókn frá Birni Kjartanssyni um lóðina Suðurhof 2 á Flúðum með þeim skilyrðum að deiliskipulagi lóðarinnar yrði breytt þannig að í stað þess að byggt sé einbýlishús á lóðinni sé hægt að byggja þriggja íbúða raðhús. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til Björns Kjartanssonar og að farið verði í vinnu við breytingu á deiliskipulagi á lóðinni að Suðrhofi 2. Jafnframt verði farið í vinnu við að breyta deiliskipulagi á lóðum Miðhofi 2 og 4.
- 7. Bergrisinn bs: Þjónustusamningar.**

Oddviti kynnti þjónustusamning um málefni fatlaðs fólks milli aðilarsveitarfélaga Bergrisans bs og síðan samning milli sveitarfélagsins Árborgar og Bergrisans bs. um kaup á þjónustu. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur sveitarstjóra að undirrita þjónustusamninginn.

8. **Motus: Stöðufundur.**  
Oddviti kynnti stöðu innheimtumála hjá Motus fyrir sveitarfélagið.
9. **Gjaldskrá vegna húsaleigu á íbúðarhúsnæði í eigu Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti tillögu að breytingu á húsaleigu á íbúðarhúsnæði í eigu Hrunamannahrepps þannig að greitt verði eitt fermetragjald óháð stærð húsnæðisins. Sveitarstjórn samþykkir að leiguverð verði kr. 1.162 á m<sup>2</sup> frá og með 30. apríl s.l. og húsaleiguhluta eldri húsaleigusamninga verði sagt upp til samræmis við það.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni til frumvarp til laga um þjóðgarðstofnun og þjóðgarða.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um þjóðgarðstofnun og þjóðgarða. Fyrir liggur umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambandsins en vísar til fyrri bókunar sveitarstjórnar um að ráðuneytið endurskoði hugmyndir að nýrri stofnun og nýti frekar þær stofnanir sem fyrir eru s.s. Umhverfisstofnun og nýti fjármagnið til uppbyggingar og verndunar á svæðunum sjálfum.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.
12. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lýðháskóla.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um lýðháskóla.
13. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
14. **Utanríkismálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu um þriðja orkupakkann.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um þriðja orkupakkann. Sveitarstjórn hefur efasemdir um að þörf sé á að samþykkja þriðja orkupakkann.
15. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um um dýrasjúkdóma.
16. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sveitarstjórn telur að skráning og eftirlit með gististöðum sem falla undir 90 daga regluna eigi að vera hjá því sýslumannsembætti sem viðkomandi fasteign er.
17. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.
18. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga.
19. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.
20. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Samráðsgátt um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.**  
Oddviti kynnti samráðsgátt um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Sveitarstjórn hefur miklar efasemdir um að sátt ríki um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu að svo stöddu.

21. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samráðsgátt um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.**  
Oddviti kynnti samráðsgátt um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þann 16. maí n.k. verður kynning hjá SASS vegna verkefnisins.
22. **Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum: Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.**  
Oddviti kynnti álit Skipulagsstofnunar um mat stofnunarinnar á umhverfisáhrifum í Kerlingarfjöllum vegna umhverfismatskýrslu um hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir að boðað verði til fundar með Fannborg ehf og Umhverfisstofnun um næstu skref.
23. **Íbúafundur.**  
Ákveðið að halda íbúafund til að kynna ársreikning Hrunamannahrepps 2018 og Heilsueflandi samfélag mánudaginn 13. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

24. **Öldungaráð: Fundargerð 10. fundar frá 18. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar öldungaráðs Hrunamannahrepps. Þar var farið yfir störf og skyldur ráðsins, ræddar ýmsar hugmyndir sem nýst gætu eldri borgurum, sagt var frá vinnu við skoðun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis og heilsuefling rædd. Lagt fram til kynningar.
25. **Öldungaráð: Fundargerð 11. fundar frá 29. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar öldungaráðs Hrunamannahrepps. Þar var farið yfir framkvæmdir við Heimaland og lagðar fram nokkrar hugmyndir í tengslum við þær. Ráðið óskar eftir upplýsingum um afdrif erindis um afslátt af garðaslætti. Að lokum tilkynnti Halldór Guðnason formaður að hann láti af störfum í nefndinni vegna flutninga og voru honum færðar þakkar fyrir samstarfið. Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn skipar Eddu Vilborgu Guðmundsdóttur í öldungaráð í stað Halldórs og þakkar honum fyrir góð störf í ráðinu.
26. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Flúðaskóla frá 2. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir ráðningu skólustjóra og gerð tillaga um ráðningu næsta skólustjóra. Þá var farið yfir gátlista skólanefndar og farið yfir starfsmannamál. Þar var fjallað um umsókn um námsleyfi, ráðningu skólabílstjóra þar sem lagt var til að Jóhann Marelsson yrði ráðinn, ráðningu matræðs í mötuneyti og uppsagnir kennara. Þá var farið yfir skólareglur um farsímanotkun, skóladagatal 2019-2020, tillögu að hönnun skólalóðar og fjallað um mögulega nýtingu á millilofti í tækjageymslu íþróttahússins. Þá var kynnt málþing um skólasókn og síðan mætti Gunnar Gunnarsson, verkefnisstjóri á fundinn og gerði grein fyrir vinnu við Heilsueflandi samfélag. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
27. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Undralands frá 2. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Undralands. Þar mætti Gunnar Gunnarsson, verkefnisstjóri á fundinn og gerði grein fyrir vinnu við Heilsueflandi samfélag. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, skóladagatal 2019-2020 og starfsmannamál m.a. vegna hugmynda skólans að staða aðstoðarleiksskólustjóra verði endurvakin. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
28. **Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar vegna Undralands frá 8. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar skólanefndar vegna Undralands. Fjallað var um starfsmannakönnun 2019, skóladagatal 2019-2020, dvalarsamninga, starfsmannamál vegna hugmynda um stöðu aðstoðarskólustjóra, gátlista og mötuneytismál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og hvort hægt sé að stytta sumarlokun sumarið 2020.
29. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 26. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Þar var kynnt áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021, ákveðið með gönguferðir fyrir komandi sumar og farið yfir skipulag verslunarmannahelgarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**30. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 3. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerðina. Rædd voru umhverfisverðlaunin Hrunamannahrepps, ástand Brúarhlaða vegna ágangs ferðamanna, fjallað um heilsueflandi Hrunamannahrepp, hreinsunarátakið Hreint Suðurland og fjallað um umhverfisdag Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

**31. Fundargerð 175. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 175. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr.18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl s.l.

**32. Fundargerð 176. fundar skipulagsnefndar frá 8. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá frá 16. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 176. fundar skipulagsnefndar frá 8. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 16: Hrafnkelsstaðir 1A. Umsókn um byggingarleyfi.**

Lögð var fram umsókn eiganda Hrafnkelsstaða 1 um byggingarleyfi til að flytja 90,5m<sup>2</sup> íbúðarhús á jörðina Hrafnkelsstaði 1A. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á jörðinni. Fyrir liggur samþykki eiganda Hrafnkelsstaða 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að á lóðinni Hrafnkelsstöðum 1A verði byggt íbúðarhús og vísar málinu til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.

**Mál nr. 17: Efra-Sel. Breyting íbúðarhúss í gistiheimili. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram umsókn um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi Efra-Sels, Hrunamannahreppi. Breytingin fellst í að íbúðarhúsi Íb2 er breytt í gistiheimili. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem landnotkun á svæðinu er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda og senda jafnframt deiliskipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun til varðveislu.

**Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl s.l.

**33. Oddvitanefnd Uppsveita Árnassýslu: Fundargerð 4. fundar oddvitanefndar frá 10. apríl. s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu (Laugaráslæknishéraðs) frá 10. apríl s.l. Þar var ársreikningur Laugaráslæknishéraðs fyrir árið 2018 lagður fram og staðfestur. Lagt var til að greiddar verði 30 millj. úr sjóði Laugaráslæknishéraðs til aðildarsveitarfélaga. Þar af nemur hlutur Hrunamannahrepps kr. 9 millj. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og leggur jafnframt til þessum 9 millj. verði varið til heilsueflandi verkefna og vinnu um uppbyggingu skólalóða.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Bergisinn bs. Fundargerð stjórnarfundar frá 9. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 279. fundar stjórnar frá 9. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Byggðarsafn Árnesninga: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 2. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 195. fundar stjórnar frá 10. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. SASS: Fundargerð 545. fundar stjórnar frá 4. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- f. Brunavarnir Árneseinga: Fundargerð 5. Fundar stjórnar frá 30. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð BÁ frá 30. apríl þar sem m.a. var fjallað um lántöku fyrir 2019 og framkvæmdaáætlun. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- g. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneseings: Fundargerð 32. fundar nefndarinnar frá 30. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- h. Hrunavegur: Áskorun sóknarnefndar Hrunasóknar.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Veiðifélag Árneseinga: Fundargerð aðalfundar frá 28. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 870. fundar stjórnar frá 11. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Endurgreiðsla á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í dreifbýli.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Sambands íslenskra sveitarfélaga: Yfirlýsing í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn um samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Vorþing sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins. Minnisblað.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Átakið Hreint Suðurland.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Lög um opinber innkaup.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. Byggðarsafn Árneseinga: Ársskýrsla 2018.**  
Lagt fram til kynningar.
- s. HSK: Ályktanir Héraðsþings frá 14. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- t. UMFH: Fundargerð aðalfundar frá 30. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- u. Aðalfundur Límtré Vírnets ehf 15. maí n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- v. Ráðstefna um almannavarnir og skipulagsmál á Selfossi 17. maí n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- w. Forsætisráðuneytið: Fundur 3. júní n.k. í Gömlu Borg, Grímsnesi um málefni þjóðlenda.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu**

- x. Ársskýrsla HSK 2018.**  
HSK, ársskýrsla 2018.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:55 .